

KYNFÆRAVÖRTUR (CONDYLOMA ACCUMINATA) Á MEÐGÖNGU

Kynfæravörtur koma oft í ljós á meðgöngu og vaxa mismikið og misdreift á perineum, vulva, vagina og cervix. Fyrri vörtusýking getur tekið sig upp aftur á meðgöngu vegna lífeðlisfræðilegrar ónæmisbælingar.

Langoftast hverfa vörturnar eftir fæðingu á 3-6 mánuðum og þær hafa yfirleitt ekki áhrif á ákvörðun um fæðingarmáta. Smithættan frá móður til barns er lítil og keisaraskurður verndar ekki fyrir smitinu.

Kynfæravörtur geta valdið kláða, sviða og óþægindum við samfarir. Meðferð er metin í hverju tilviki fyrir sig og mælt með ráðgjöf hjá heimilislækni eða fæðingarlækni.

Meginreglan er sú að þær eru ekki meðhöndlaðar á hefðbundinn hátt á meðgöngu því meðganga er frábending fyrir vörtueitri/podofyllinmeðferð. Ef þær eru mjög stórar eða valda miklum óþægindum kemur til greina að klippa, laserbrenna eða frysta þær.